

Fréttabréf til foreldra nýnema – haustönn 2014

Verkefnaskólinn á Akureyri ágúst 2014

Frá skólameistara

Ágætu foreldrar og forráðamenn.

Nú er skólastarfið komið á fulla ferð. Margir eru farnir að mynda ný vinatengsl eftir vel heppnaðar nýnemeferðir að Hólavatni og spennandi önn er framundan í leik og starfi. Fyrstu dagarnir í framhaldsskóla eru gjarnan bæði fullir tilhlökkunar en einnig svolitlum kvíða hjá nemendum en margt getur virst flókið í upphafi. Fyrir marga er breytingin mikil að koma innan um svo marga nemendur og starfsfólk í svo stóru húsnæði. Við, starfsmenn skólans, hlökkum til að takast á við verkefnin framundan og kynnast nýjum nemendum. Á þessari önn hefja tæplega 250 nemendur nám á sínu fyrsta ári. Þeir koma víða að af landinu en flestir héðan af Eyjafjarðarsvæðinu. Nemendafjöldinn þessa önnina er í um 1230 í dagskóla.



Skólinn hefur lagt sig fram um að halda góðum tengslum við nemendur og foreldra þeirra. Þar er hlutverk umsjónarkennarans mikilvægast og hann er tengiliður ykkar við skólann. Með þessu fréttabréfi vil ég boða ykkur á **kynningarfund fyrir foreldra þriðjudaginn 2. september kl. 17:00-19:00** í Gryfjunni (gengið inn að austanverðu).

Bestu kveðjur og óskir um gott gengi barna ykkar í VMA,

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari

Tengsl heimila og skóla

Með nýjum lögum um framhaldsskóla frá árinu 2009 er foreldrarstarfi gert hærra undir höfði en áður í starfsemi framhaldsskólanna með því að kveða á um að í hverju þeirra sé starfandi svokallað foreldraráð. Í VMA hefur verið starfandi foreldrafélag frá haustinu 2005. Mikilvægt er að rödd foreldra heyrist innan skólans og hefur formaður og stjórn foreldrafélags ávallt verið í góðu sambandi við skólameistara. Formaður hefur setið fundi skólanefndar og séð um að boða fundi í foreldrafélaginu 2-3 sinnum á önn. Foreldrafélagið hefur komið að ýmsum málum innan skólans sérstaklega þeim sem snúa

að vellíðan nemenda. Á kynningarfundinum á þriðjudaginn mun skólameistari óska eftir foreldrum/forráðamönnum til að taka þátt í stjórn foreldrafélagsins og vilji fólk láta vita af sér fyrir fundinn þá sendið póst til skólameistara (hjalti@vma.is). Stjórnin hittist ásamt skólameistara í klukkustund einu sinni í mánuði. Á fundina eru gjarnan boðaðir ýmsir úr starfslíði skólans, eins og t.d. námsráðgjafar og forvarnarfulltrúi, til skrafs og ráðagerða.

Verið velkomin á kynningarfundinn í VMA **þriðjudaginn 2. september kl. 17:00**. Fundurinn verður í Gryfjunni (gengið inn að austan). Léttar veitingar verða í boði, kynning fer fram á skólastarfinu og foreldrum/forráðamönnum gefst tækifæri til að skoða aðstöðuna í skólanum. Þá hitta foreldrar/forráðamenn umsjónarkennara barna sinna.



Félagslíf nemenda

Nemendafélag skólans heitir [Þórduna](#) og skipuleggur það margs konar viðburði á skólaárinu. Nýnemahátíð verður haldin fimmtudaginn 4. september og er skipulögð af nemendafélaginu í samráði við viðburðastjóra skólans, Pétur Guðjónsson. Fram undan eru klúbbakynningar og eru nemendur hvattir til að taka þátt í því starfi sem í boði er. Dæmi um klúbba eru hestaklúbbur, kvikmyndaklúbbur, leikfélag, tölvuklúbbur, ljósmyndaklúbbur og útvarpsklúbbur. Nemendur geta á hverjum tíma stofnað klúbb á áhugasviði sínu og fengið aðstoðu og upplýsingar í gegnum stjórn nemendafélagsins. Helstu viðburðir sem nemendafélagið skipuleggur á skólaárinu eru árshátíð, söngkeppni, íþróttakeppnir, karla- og kvennakvöld og Opinn dagur sem haldinn er á vorönn. Nemendafélagið þiggur alla hjálp sem nýnemar geta veitt en margir þeirra hafa verið duglegir við að taka þátt í félagslífi í gunnskólum þeim sem þeir koma úr og geta miðlað af þeirri reynslu.



Frá nýnemaferð að Hólavatni.

Skólasókn og skólareglur

Foreldrar og nemendur geta kynnt sér skólareglurnar á vef skólans (skólinn > skólareglur). Mikilvægt er að foreldrar tilkynni veikindi barna sinna til skrifstofu að morgni þess dags sem nemandi er veikur eða í gegnum Innuna. Þrátt fyrir veikindatilkynningu fá nemendur fjarvistarstig ef þeir mæta ekki í kennslustund. Hins vegar er hægt að rekja fjarvistirnar ef þær eru tilkynntar. Kennarar geta séð í Innu hafi nemandi verið skráður veikur eða ef fjarvera hefur verið tilkynnt af öðrum ástæðum. Nemendur hafa ákveðið svigrúm til fjarvista sem duga í flestum tilfellum vegna veikinda, læknisheimsóknar og ferðalaga t.d. keppnisferða. Íþróttafélögin upplýsa jafnan skólastjórnendur um fyrirhugaðar keppnis- og æfingaferðir nemenda. Þess ber að geta að mætingarskylda í verklegum greinum og áföngum án lokaprófs getur verið meiri. Á vef skólans má sjá upplýsingar um kennara sem

eru fjarverandi þann daginn. Alla jafna er ekki um afleysingarkennslu að ræða falli kennsla niður hjá kennurum nema um langa fjarveru sé að ræða.

Nokkrir kennarar eru með svokallaða **stoðtíma** en þangað geta nemendur leitað til að fá aðstoð við námið. Nemendur geta hitt t.d. íslenskukennara og fengið aðstoð hjá honum en þessi kennari er ekkert endilega sami kennari og kennir viðkomandi íslensku. Upplýsingar um stoðtíma verða settar inn á heimasíðu skólans. **Bókasafn** skólans er kjörinn staður til að vinna heimavinnuna t.d. þegar nemendur eiga eyðu í stundatöflu. Allir sem gera sitt besta og sinna náminu uppskera vel í lok annar.



Námsmat

Í kennsluáætlunum kemur fram hvernig námsmati í einstökum áföngum er háttað. Þær má finna á vef skólans (námið > kennsluáætlanir > haustönn 2014). Þar geta nemendur og foreldrar/forráðamenn alltaf nálgast þær og skoðað áætlun um yfirferð og námsmat. Þar er t.d. hægt að sjá hvort um lokapróf sé að ræða í áfanganum auk tímasetninga á verkefnaskilum og kaflaprófum.

Heilsueflandi framhaldsskóli VMA er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Verkefnið hefur farið vel af stað og hefur sérstök áhersla verið lögð á hreyfingu og hollt mataræði. Nemendur og starfsfólk eiga þess kost að fá hollan og góðan mat í hádeginu en tryggt er að matseðlarnir uppfylli kröfur verkefnisins. Á nýju skólaári verður lífsstíl gefinn sérstakur gaumur.

Athygli er vakin á því að nemendum/foreldrum gefst kostur á að kaupa matarkort sem gilda alla önnina. Slík kort eru á mjög hagstæðu verði. Boðið er upp á margs konar greiðslufyrirkomulag. Sjá nánar á heimasíðu [Lostætis \(www.lostaeti.is\)](http://www.lostaeti.is)

Heimasíða skólans - www.vma.is

Á heimasíðu skólans má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið. Þar má nefna skólanámsskrá, upplýsingar um brautir og starfsmenn skólans, kennsluáætlanir, uppbyggingu brauta og nýjar fréttir birtast flesta virka daga á meðan skólinn starfar. Þið eruð hvött til að skoða síðuna.

Skóladagatal

Í upphafi hverrar annar er gefið út svokallað skóladagatal þar sem fram koma sérstakir frídagar og viðburðir. Þessa önnina verður til dæmis haldið upp á afmælisdag Helga magra föstudaginn 24. október og afmæli Ketils flatnefs mánudaginn 27. október með því að gefa kærkomið frí. Nemendur þurfa að skila inn vali fyrir næstu önn fyrir 6. nóvember og miðannarmat mun berast foreldrum/forráðamönnum um miðjan október.



Til foreldra sem eiga nemendur á heimavist/í leiguhúsnæði

Á hverju ári stunda margir nemendur nám við skólann sem búa fjarri foreldrum og fjölskyldum annaðhvort á heimavist eða í leiguhúsnæði. Ef nemendur vantar upplýsingar um hluti sem tengjast náminu og/eða því að búa á Akureyri er hægt að setja sig í samband við ýmsa aðila innan skólans t.d. umsjónarkennara og námsráðgjafa og spyrja þá um allt mögulegt t.d. getur verið flókið að panta tíma hjá lækni og nemendur ekki vissir hvert eigi að leita. Skólahjúkrunarfræðingur er með auglýstan viðtalstíma í skólanum og á heimavist. Þá getur skólinn komið til aðstoðar verði nemendur fyrir áföllum. Nemendur á heimavist hafa aðgang að kennslustofum MA síðdegis og á kvöldin en þar geta vistarbúar sinnt heimanámi. Einnig hafa nemendur í tónlistarnámi aðgang að þessum stofum til að æfa sig.

Að lokum

Verið ófeimin að skipta ykkur af námi barna ykkar og koma með ábendingar um það sem betur má fara í skólastarfinu. Einnig viljum við heyra um það sem vel er gert. **Fjöldi innlendra og erlendra rannsókna hafa sýnt fram á að þátttaka og hvatning foreldra framhaldsskólanema hefur mjög jákvæð áhrif á námsgengi þeirra.**



Gryfjan, samkomusalur nemenda, hefur gengið í endurnýjun lífdaga í sumar.